

FORNLEIFAVERND Á ÍSLANDI

STEFNA 2006 - 2011



Fornleifavernd ríkisins

Tilgangur og forsendur fornleifaverndar

Stefna íslenska ríkisins í málefnum fornleifaverndar miðar að því að hlúa að þeim verðmætum sem felast í ummerkjum um fortíðina í landinu og skynsamlegri nýtingu þeirra. Stefnunni er ætlað að gefa umheiminum skýr skilaboð um áhersluatriði og forgangs röðun á sviði fornleifaverndar á Íslandi, að skýra stöðu fornleifaverndar í samfélagsheildinni og auka skilvirkni í minjavörslu með því að vera vinnutæki fyrir þá aðila sem starfa að varðveislu og verndun fornminja. Með þessari stefnu er stofnunum og einstaklingum gert kleift að efla hlut fornleifa og menningarlandslags í samfélagi nútímans. Vilji stjórnvalda kemur skýrt fram í 1. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001, en þar segir:

“Tilgangur þessara laga er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

Menningarminjar eru öll þau spor sem manneskjan hefur skilið eftir sig, efnisleg jafnt sem huglæg. Greinilegust eru sporin eftir mannvirki frá mismunandi tímum og sem hafa þjónað mismunandi tilgangi (*fornleifar*). En sporin sjást líka í breytingum á náttúrunni og landslaginu af völdum mannsins (*menningarlandslag*). Þessi skilgreining á menningarminjum er afar víð og ómögulegt er að varðveita öll þessi spor. Þess vegna er nauðsynlegt að forgangsraða og meta gildi hinna ólíku minja út frá faglegum og samfélagslegum forsendum.

Af hverju verndum við fornminjar?

- Íslenskar fornleifar eru sameiginlegt minni um samfélagsskipan og lífshætti liðinna kynslóða. Þær eru lifandi vitnisburður um samfellda sögu þjóðarinnar allt frá upphafi byggðar og eru þannig einstakar í sinni röð frá fræðilegu sjónarhorni.
- Íslenskar fornleifar eru órjúfanlegur hluti af menningararfleifð heimsins, enda hafa Íslendingar gengist undir ýmsar lagalega bindandi alþjóðasamþykktir, til að standa vörð um menningararfinn í þágu þegna landsins og alls mannkyns.
- Fornleifar eru frumheimildir um sögulega þróun umhverfis okkar. Þær eru mikilvæg viðbót við aðrar heimildir, styðja við og víkka túlkun þeirra á fortíðinni. Rannsóknir á fornleifum varpa ljósi á horfna tæknunnáttu, handverk, samfélagsskipan og lífshætti og geta veitt svör við ýmsum spurningum jafnframt því að vekja upp nýjar.
- Þekking á fornleifum og inntaki þeirra er nauðsynleg forsenda skilnings á þeim jarðvegi sem samfélag okkar í dag er sprottið úr. Slík þekking styrkir staðarvitund, hún er mikilvæg uppspretta sköpunar, þekkingarauka og ánægju og vísar okkur leiðir til framtíðar.

- Fornleifar eru takmörkuð auðlind, sem ekki er endurnýjanleg. Minjar sem hefur verið eytt eru glataðar að eilífu. Okkur ber því skylda til að umgangast þessar minjar af virðingu og gæta þeirra fyrir hönd komandi kynslóða.
- Fornleifauppgröftur er rannsóknaraðferð sem hefur eyðileggingu fornleifanna í för með sér. Af þeim sökum ber að takmarka uppgröft eins og unnt er og leggja áherslu á aðrar rannsóknaraðferðir.
- Menningar- og náttúruminjar eru ómetanleg verðmæti. Verndun slíkra minja er mikilvægur þáttur í sjálfbærri nýtingu umhverfisins, sem allir landsmenn bera sameiginlega ábyrgð á.

Markmið og tillögur

Stjórnvöld vilja gera viðeigandi ráðstafanir til að fornleifum og öðrum menningarminjum sé skilað í góðu ástandi til komandi kynslóða og kappkosta að opinberar ákvarðanir hafi hagsmuni menningararfsins að leiðarljósi og að verkefnum verði forgangsraðað í samræmi við þá hagsmuni.

Leiðir að markmiði:

- Fornleifaskráning er forgangsverkefni í fornleifavernd. Stefnt er að því að vettvangsskráningu fornleifa á öllu landinu sé lokið árið 2011. Minjafirvöld skulu skipuleggja skráningarverkefnið og samræma gagnagrunn fornleifaskrárinnar.
- Á næstu árum verður lögð megináhersla á rannsóknir sem ekki hafa eyðingu fornleifa í för með sér og leyfum til uppgrafar verður fækkað.
- Til þess að tryggja að niðurstöður uppgrafa undanfarinna ára fari ekki forgörðum verður á næstu fimm árum lögð áhersla á að opinberu fjármagni verði beint til þess að ljúka úrvinnslu rannsókna.
- Leitast verður við að tryggja nauðsynlegt fjármagn til viðhalds friðlýstra fornleifa í samræmi við lög. Ríkisvaldið mun taka ábyrgð á fjármögnun nauðsynlegra aðgerða vegna fornleifa sem eru í bráðri hættu eða sem koma óvænt í ljós við framkvæmdir einstaklinga.
- Stjórnvöld munu leggja áherslu á að fylgja eftir alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að og taka á virkan hátt þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fornleifaverndar.

- Stefnt er að því að tekin verði upp rafræn stjórnsýsla í fornleifavernd sem fyrst, minjum, framkvæmdaaðilum og almenningi í hag.
- Starfsemi Fornleifaverndar ríkisins verður eflað á landsvísu og fjárveitingar til stofnunarinnar auknar til samræmis við lagalega ábyrgð stofnunarinnar og umfang þeirrar starfsemi sem henni er ætlað að sinna. Stefnt er að því að minjaverðir verði starfandi á öllu landinu eigi síðar en 1. janúar 2008.

Íslensk stjórnvöld vilja styrkja vitund manna um að fornleifar eru mikilvæg auðlind og stuðla að auðugra mannlífi með því að leggja rækt við þau verðmæti sem í minjunum felast.

Leiðir að markmiði:

- Semja þarf aðgengilegt og gott kynningarefni og skipuleggja námskeið fyrir almenning og hagsmunaaðila um fornleifaarfinn og umgengi við hann.
- Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir átaksverkefni í samvinnu við hagsmunaaðila, t.d. félög fatlaðra, um þróun úrbóta í aðgengi að fornleifaarfinum þannig að sem flestir geti nýtt sér hann.
- Sett verða á fót rannsóknar- og þróunarverkefni sem beinast sérstaklega að miðlun þekkingar til nemenda á grunnskólaaldri.
- Gert verður átak í að beina endursköpun sögunnar, t.d. í formi tilgátuhúsa og sögulegra kynningarsetra, í faglegan farveg, þannig að tekið sé mið af staðreyndum og rannsóknum á raunverulegum ummerkjum um fyrri byggð.
- Fornleifavernd ríkisins mun hafa stefnu menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005-2008 að leiðarljósi við nýsköpun í miðlun þekkingar um fornleifaarfinn, þannig að komið verði til móts við þarfir sem flestra samfélagshópa.

Öflug kennsla í fornleifafræði við íslenskar háskólastofnanir, góðar aðstæður til fornleifarannsókna í landinu og virk tengsl við alþjóðlegt vísindasamfélag eru forsenda þess að fornleifavernd í landinu sé byggð á bestu þekkingu á hverjum tíma.

Leiðir að markmiði:

- Stefnt verður að markvissri þróun menntunar og rannsókna í fornleifafræði á Íslandi. Háskólastofnanir skulu gæta þess að hafa náið samráð við fornleifayfirvöld um staðarval fyrir vettvangsskóla í fornleifafræði.
- Stefnt verður að eflingu símenntunar fræðimanna á sviði fornleifa í samstarfi menntamálaráðuneytis, háskólastofnana í landinu, minjasafna og stofnana á sviði þjóðminjavörslu.
- Fjármögnun fornleifarannsókna sem unnar eru í vísindalegum tilgangi verður eflað og hvatt til kynningar á íslenskum fornleifarannsóknum innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.
- Miðað verður að því að íslenskir fornleifafræðingar verði í fararbroddi í þróun og beitingu rannsóknaraðferða og tækni sem ekki hafa í för með sér eyðileggingu fornleifa.
- Íslenskar háskóla- og rannsóknarstofnanir eru hvattar til formlegs samstarfs við virtustu vísindastofnanir erlendis, m.a. með samningum um mannaskipti.

Íslensk stjórnvöld vilja glæða skilning manna á að verndun fornleifa og framþróun samfélags eru ekki andstæðir hagsmunir heldur gagnkvæmur virðisauki.

Leiðir að markmiði:

- Ítarleg úttekt verður gerð á allra næstu árum til að varpa ljósi á stöðu fornleifaverndar í þróun samfélagsins og hlutdeild hennar í verðmætasköpun í landinu.
- Menntamálaráðuneyti mun hafa forgöngu um þverfaglega samvinnu um rannsóknir á möguleikum fornleifaverndar til sköpunar nýrra atvinnutækifæra á landsbyggðinni, sem m.a. snerta landeigendur og ábúendur á minjastöðum.
- Samstarfi Fornleifaverndar ríkisins við fulltrúa ferðapjónustu og menningarmála í héraði verður komið í skýran og fastan farveg með formlegu samráði og ráðgjöf um umgengni og upplýsingamiðlun á minjastöðum.

Stefnt er að breiðri samstöðu allra sem standa að skipulagi og hvers konar framkvæmdum um að taka sameiginlega ábyrgð á fornleifum og setja sjónarmið fornleifaverndar jafnfætis öðrum hagsmunum.

Leiðir að markmiði:

- Fornleifavernd ríkisins mun hafa frumkvæði að samráði við skipulags- og framkvæmdaaðila í héraði og á landsvísu um hvernig megi samþætta fornleifavernd og skipulag á hverjum stað.
- Stofnunin mun hvetja til þess að sveitarfélög vinni staðbundnar minjaverndaráætlanir og skal vera þeim innan handar með ráðgjöf í því sambandi.
- Menntamálaráðuneytið stefnir að því að setja á fót þverfaglegan starfshóp í samstarfi við önnur ráðuneyti sem samlesi lög með það að markmiði að skýra og samræma ákvæði sem snerta menningarminjar og fornleifavernd.
- Stefnt er að því að gera samninga við sveitarfélög um skiptingu ábyrgðar og kostnaðar við eftirlit og umsjón með fornleifum.
- Hvatt er til að sveitarfélög og stærri framkvæmdaaðilar svo sem veitustofnanir, vegagerð, hafnaryfirvöld o.fl. geri áætlanir varðandi varðveislu minja, hver á sínu sviði, í samráði við yfirvöld minjaverndar.

Íslensk stjórnvöld vilja tryggja sjálfbæra nýtingu og verndun verðmæta í umhverfinu, þar á meðal fornleifa og menningarlandslags og hvetja til þess að horft verði til framtíðar fremur en að skammtímahagsmunir ráði ferðinni.

Leiðir að markmiði:

- Stefnt er að gerð heildaráætlunar um aðgerðir til verndar fornleifum, umgengnisreglna um þær og kynningar á breiðum vettvangi.
- Stjórnvöld munu kanna með hvaða hætti efnahagsleg úrræði, svo sem hagstæð lán, þróunarstyrkir og skattaívilnanir, geta hvatt til fornleifaverndar og sjálfbærrar nýtingar menningarminja.
- Menntamálaráðuneyti hyggst hafa frumkvæði að þverfaglegu þróunarverkefni um mótun samræmdra heildaráætlana um varðveislu menningarlandslags, með þátttöku fulltrúa hlutaðeigandi ráðuneyta, sveitarfélaga og stjórnsýslustofnana minja- og náttúruverndar.

Náttúruöfl eru sífellt að eyða minjum og hættur af manna völdum í dag eru allt aðrar en fyrr vegna breyttra búskaparháttar og þjóðfélagsmyndar. Markmið fornleifaverndar er að fyrirbyggja og takmarka tjón á fornleifum af völdum manna og náttúru.

Leiðir að markmiði:

- Stjórnvöld munu hafa forgöngu um þverfaglegt samstarf við sveitarfélög og framkvæmdaaðila til að stytta boðleiðir, koma á fót vöktunarkerfi og vinna viðeigandi aðgerðaáætlanir.
- Við áætlun um fornleifarannsóknir með uppgrefti verður á allra næstu árum lögð megináhersla á að rannsakaðar verði minjar sem eru í hættu vegna framkvæmda eða ágangs náttúruafla.
- Fornleifavernd ríkisins mun í samvinnu við skipulagsaðila á hverju minjasvæði vinna samræmt hættumat sem síðan skal liggja til grundvallar heildaráætlun stjórnvalda um aðgerðir.
- Lögð verður áhersla á að leita leiða og móta reglur um hvernig uppgræðslu og skógrækt skal hagað í nálægð minja.

Varðveita skal til framtíðar úrval minja sem endurspeglar breiddina í samfélaginu á hverjum tíma og sýna þróun þess frá upphafi byggðar, ásamt því að túlka þau samfélagslegu og menningarlegu gildi sem almenn samstaða er um að séu mikilvæg.

Leiðir að markmiði:

- Settar verða fram skýrar og rökstuddar skilgreiningar á varðveislugildi fornleifa og þróun matsferla, sem áætlanir um friðun, friðlýsingu, rannsóknir og aðrar verndaraðgerðir, eða förgun fornleifa geta byggst á.
- Skrá um friðlýstar fornleifar frá 1990 verður endurskoðuð og viðhlítandi ráðstafanir gerðar varðandi minjarnar. Verkefninu skal vera lokið fyrir árslok 2007.
- Ríki og sveitarfélög geri sameiginlega friðlýsingaráætlun á grundvelli fornleifaskráningar, sem taki mið af sögulegu, menningarlegu eða listrænu mikilvægi minja.
- Stefnt er að því að friðlýstar fornleifar verði ekki rannsakaðar með aðferðum sem eyðileggja minjarnar, heldur verði varðveittar sem frumheimildir til komandi tíma.

Framtíðarsýn

Þessi stefna um fornleifavernd nær til ársins 2011. Hvaða árangri viljum hafa náð í lok þess tímabils ?

Heildarsýn og sjálfbær þróun

- Mótuð hefur verið samræmd stefna á sviði verndunar menningar- og náttúruarfs, þar sem heildarsýn á umhverfi mannsins er höfð að leiðarljósi.
- Skýr verkaskipting er milli stofnana á sviði þjóðminjavörslu og reglulegt samráð um sameiginleg málefni.
- Ísland er orðið í fremstu röð á alþjóðavettvangi í sjálfbærri nýtingu menningarminja.
- Fornleifavernd í heimahéraði hefur verið eflað og virkni heimamanna aukin.

Friðun og friðlýsingar

- Allar friðlýstar fornleifar á landinu skv. skrá útgefinni 1990 hafa verið kannaðar á vettvangi, gerðar viðhlítandi ráðstafanir og friðlýsingarskráin uppfærð til samræmis við endurmat á fornleifunum. Heildarskráin er aðgengileg á rafrænu formi.
- Unnar hafa verið friðlýsingaráætlanir í samvinnu stjórnsýslu fornleifaverndar og sveitarfélaga, einnig hafa helstu framkvæmdaaðilar unnið verndaráætlanir hver á sínu sviði.

Fornleifaskráning

- Fyrstu umferð vettvangsskráningar fornleifa á öllu landinu er lokið. Upplýsingar um fornleifarnar eru aðgengilegar í miðlægum gagnagrunni sem tengdur er landupplýsingakerfi. Yfirvöld fornleifavörslu uppfæra skrána reglulega.

Verndun og viðhald fornleifa

- Unnin hefur verið forgangsáætlun um viðhald og merkingar fornleifa. Verkefni á þessu sviði hafa örugga fjármögnun.
- Komið hefur verið upp vöktunarkerfi og viðbragðsáætlun vegna fornleifa í hættu.
- Upplýsingaefni um umgengni við fornleifar er öllum aðgengilegt á netinu og hefur verið vel kynnt.

Skipulagsmál og umhverfismat

- Ferli í skipulagsmálum eru skýr. Samstarf og samráð á öllum stigum hefur fengið fast form og umsagnir fornleifayfirvalda eru sjálfsagður þáttur í skipulagsgerð.
- Komið hefur verið á virku samráði og samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila um ábyrgð verkefna og skiptingu kostnaðar.

Fornleifarannsóknir

- Fé til fornleifarannsókna er úthlutað í samræmi við skýrar opinberar áherslur og forgangsroðun verkefna.
- Vandaðar skýrslur um fornleifarannsóknir síðustu áratuga hafa verið gefnar út og nýttast háskólastofnunum og öðrum aðilum.

- Verkefni á sviði fornleifaverndar hafa örugga og fyrirsjáanlega fjármögnun og aðstoð opinberra aðila, en einnig stuðning einkaaðila.

Samskipti og upplýsingatækni

- Tekin hefur verið upp rafræn stjórnsýsla, sem stytir samskiptaleiðir, auðveldar að koma tilkynningum og umsóknum á framfæri og skýrir hlutverk og ábyrgð einstakra aðila.
- Upplýsingar um fornleifar og hvaðeina sem að málefnum þeirra snýr eru öllum aðgengilegar gegnum nýjustu samskiptatækni.
- Almennigur og framkvæmdaaðilar eru vel upplýstir um réttindi, skyldur og fjármögnunarmöguleika vegna verkefna á sviði fornleifaverndar.